

## Jólafondur 2017

Árlegt jólafondur Foreldrafélags Grandaskóla verður haldið laugardaginn 18. nóvember 2017

Deginum verður skipt í tvennt:

1.-3. bekkur frá kl. 11-12.45

4. -7. bekkur frá kl. 13-14:30



Í ár verðum við með þrjár tegundir af föndurpökkum. Vinsamlegast sendið börnin með áfastan pöntunarseðil hér að neðan ásamt greiðslu í umslagi til kennara **mánudaginn 13. nóvember**. Til hagræðingar er einnig boðið upp á millifærslu í þetta sinn, á reikning nr: 0324-13-130056 og kennitölu 270370-3579. **Millifærslunni þarf að fylgja tilvísun á barn ef hægt er og tölvupóstur á [svavasverris@gmail.com](mailto:svavasverris@gmail.com) svo auðvelt verði að stemma greiðslur af.** (Skila þarf miðanum í skólann)

**Gjafamerkimiðar:** Skreyttir merkimiðar. Í pakkanum verða tvær arkir til að klippa út merkimiða að smekk og skreytingarefni með. Allt skreytiefni verður á staðnum. Flott hugmynd til að útfæra jólapakkana í ár.

Verð: 500,-

**Jólakrukka:** Börnin koma með glerkrukku(r) að heiman sem þau skreyta. Getur verið sultukrukka, krukka af barnamat. Minnum á að geyma lokin, svo hægt sé að nota krukkurnar t.d. undir heimalagað góðgæti. Hægt verður að skreyta krukkurnar með servíettum, glimmeri og blúndum. Allt skreytiefni verður á staðnum. Skreytiefni í pakkanum verður fyrir 2 krukkur.

Verð: 500,-

**Piparkökur:** Að skreyta piparkökur er eitthvað sem alltaf er vinsælt að gera. Í pakkanum verða fjórar piparkökur (meðalstórar) og hægt verður að nálgast skreytiefni á staðnum.

Verð: 500,-

Límstifti verða á staðnum en gott er að skreytingameistarar komi með skæri, pensla og liti/túss. Einnig er sniðugt að koma með annað skreytiefni eins og silkipappír, jólapappír, servíettur og borða ef þið viljið skreyta á ákveðinn hátt. Sama gildir um gull- og silfurpenna.

**Athugið að börnin þurfa að vera í fylgd foreldra sinna eða annarra fullorðinna.**

Við hlökkum til að sjá ykkur!

Skrautleg jólafondurskveðja frá bekkjarfulltrúum 3. og 5. bekkjar

Nafn barns:

---

Bekkur: \_\_\_\_\_

Jólamerkimiðar (500 kr pkn): \_\_\_\_\_ stk.

Jólakrukka (500 kr pkn): \_\_\_\_\_ stk.

Jólapiparkökur (500 kr pkn): \_\_\_\_\_ stk.

Smákökur og djús (300 kr): \_\_\_\_\_ pr. fjölskyldu

Kaffi (100 kr) \_\_\_\_\_ pr. fullorðinn

Millifærsla \_\_\_\_\_

Góða skemmtun! ☺